

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um erlenda ríkisborgara í fangelsum.

Frá Bergþóri Ólasyni.

- Hversu margir erlendir ríkisborgarar afplánuðu fangelsisdóm árið 2024 annars vegar og 15. mars 2025 hins vegar?
- Hversu margir erlendir ríkisborgarar sátu í gæsluvarðhaldi árið 2024 annars vegar og 15. mars 2025 hins vegar?
- Hvaða dag sátu flestir erlendir ríkisborgarar í gæsluvarðhaldi frá 1. janúar 2024 til 15. mars 2025 og hversu margir voru þeir þá?
- Hvert var hlutfall erlendra ríkisborgara af föngum árin 2024, 2019 og 2014?

Skriflegt svar óskast.